



STOFNUN
VIGDÍRAR FINNBOGADÓTTUR
Í ERLENDUM TUNGUMÁLUM

Ársskýrsla 2018



Ávarp stjórnarformanns

Við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum (SVF) eru stundaðar rannsóknir í þeim þrettán erlendu tungumálum sem eru kennd við Háskóla Íslands, þ.e. arabísku, dönsku, ensku, frönsku, grísku, ítölsku, japönsku, kínversku, latínu, rússnesku, spænsku, sænsku og þýsku, ásamt bókmenntum, kvikmyndum og menningu viðkomandi málsvæða. Meginfræðasvið stofnunarinnar eru þýðingar, samanburðarmálvísindi, tengsl tungumála, máltileinkun, menningarfræði, tungumálanám og tungumálakennsla, svæðarannsóknir (Evrópu-, Norðurlanda-, Ameríku-, Mið-Austurlanda- og Asíufræði), samskipti á erlendum tungumálum og erlendar tungur og menning á Íslandi í sögu og samtíð. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur hóf starfsemi undir nýju nafni sínu í október 2001 og árið 2018 var því sautjanda starfsár hennar.

Starfsemi stofnunarinnar var bæði umfangsmikil og fjölbreytt árið 2018. Árið var fyrsta heila árið þar sem Veröld – hús Vigdísar var í notkun og eins og lesa má í þessari skýrslu hefur

húsið verið starfseminni mikil lyftistöng. Starfsfólk og stjórn unnu mikið og gott starf á árinu við að finna þessari starfsemi farveg til frambúðar.

Öflugur hópur fræðimanna kom að eða veitti fræðilega ráðgjöf við þann mikla fjölda viðburða sem stofnunin stóð fyrir á árinu, þar má nefna alþjóðlegar og innlendar ráðstefnur, málþing, fyrirlestra og sýningar. Flestir viðburðir voru unnir í samstarfi við Vigdísarstofnun – Alþjóðlega miðstöð tungumála og menningar, sem starfar innan vébanda Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og undir merkjum UNESCO, og einnig í samvinnu við innlenda og erlenda fræðimenn og vísindastofnanir.

Fyrir hönd stjórnar þakka ég starfsfólki, samstarfsaðilum og öllum velunnurum fyrir ómetanlegan stuðning við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

*Birna Arnbjörnsdóttir
Forstöðumaður og formaður stjórnar SVF*

Stjórn og starfsmenn



Árið 2018 störfuðu 34 fræðimenn við stofnunina auk annars starfsfólks.

Breytingar urðu á stjórn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur árið 2018. Fyrri hluta ársins skipuðu stjórn stofnunarinnar Auður Hauksdóttir, prófessor í dönsku og formaður, Birna Arnbjörnsdóttir prófessor í annarsmálsfræðum, Geir Þórarinn Þórarinsson aðjunkt í grísku og latínu, Guðmundur S. Brynjólfsson, fulltrúi doktorsnema, og Oddný G. Sverrisdóttir prófessor í þýsku. Varamenn í stjórn voru Hólmfríður

Garðarsdóttir, prófessor í spænsku, og Gísli Magnússon, dósent í dönsku.

Auður Hauksdóttir lét af störfum sem stjórnarformaður og forstöðumaður stofnunarinnar á aðalfundi í maí 2018, en hún hafði gegnt þeim störfum frá stofnun SVF. Birna Arnbjörnsdóttir tók við sem formaður stjórnar og Ásdís Rósa Magnúsdóttir, prófessor í frönsku, kom ný inn í stjórn. Að öðru leyti hélst stjórnin óbreytt. Stjórnin kom saman sjö sinnum á árinu, auk þess sem haldinn var sameiginlegur fundur stjórna stofnunarinnar og Vigdísarstofnunar – Alþjóðlegar miðstöðvar um tungumál og menningu.

Ritnefnd stofnunarinnar skipuðu þær Ásdís Rósa Magnúsdóttir og Rebekka Þráinsdóttir, en þær voru jafnframt ritstjórar veftímarits Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, *Milli mála*. Ann-Sofie Nielsen Gremaud hóf störf sem lektor í dönsku máli haustið 2018. Valgerður Jónasdóttir starfaði sem viðburða- og útgáfustjóri og Þórunn Elísabet Bogadóttir gegndi starfi kynningar- og vefritstjóra fyrstu fjóra mánuði ársins, en fór svo í barneignarleyfi. Halldóra Jóhanna Þorláksdóttir tók tímabundið við starfi kynningar- og vefritstjóra í maí 2018.

Starfssvið og hlutverk

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum er ein aðildarstofnana Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands og rannsóknaveitvangur kennara í Mála- og menningardeild. Rannsóknir stofnunarinnar snúast um erlend tungumál og menningu frá ýmsum sjónarhornum en helstu rannsóknasviðin eru:

- Málvísindi, m.a. samanburðarmálvísindi, mót tungumála, máltileinkun, annarsmálsfræði og orðabókarfræði.
- Bókmenntir, m.a. bókmenntir einstakra þjóða og málsvæða auk innflytjendabókmennta.
- Menning og tungumál tiltekinna málsvæða, tungumálatengsl og samanburður á menningu og tungumálum í sögu og samtíð.
- Samskipti á erlendum málum og notagildi þeirra m.a. í menntun, menningu og atvinnulífi.
- Þróun kennslugagna og notkun nýrrar tækni í tungumálanámi og -kennslu.
- Bókmennta- og nytjapýðingar.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur leggur áherslu á fjölmenningsleg viðhorf og þekkingu á öðrum þjóðum og tungumálum og að slík þekking feli í sér persónulegan, menningarlegan og efnahagslegan ávinning. Hnattvæðing kallar á þvermenningarlega færni sem tekur mið af fjölbreyttum samskiptum á öllum sviðum mannlífs. Nýjum áskorunum sem samfélög, stofnanir, fyrirtæki og einstaklingar standa frammi fyrir á alþjóðavettvangi verður ekki mætt nema með góðri samskiptafærni þvert á menningarheima.

Markmið stofnunarinnar er að styðja við og efla rannsóknir og kennslu í tungumálum og menningu. Í rannsóknastarfi er haft að leiðarljósi að auka skilning á eðli máltileinkunar og gildi tungumálakunnáttu og menningar á öllum sviðum. Stofnunin miðlar upplýsingum um nýja þekkingu á eðli tungumálanáms og nýjunga í kennslu erlendra mála á öllum skólastigum.

Auk rannsókna stuðlar stofnunin að upplýstri umræðu í þjóðfélaginu um erlend tungumál, bókmenntir og menningu, tungumálanám, þýðingar og menningarlæsi. Þetta hlutverk rækir stofnunin með fyrirlestra- og ráðstefnuhaldi í samstarfi

við Alþjóðlega miðstöð tungumála og menningar, útgáfu fræðiriti og þróun námsefnis og annarra gagna sem geta auðveldað samskipti í fjöltyngdum heimi. Rík áhersla er á að hagnýta máltækni í þágu tungumálanáms og tungumálarannsókna, m.a. með þróun nettengdra námskeiða, námsgagna og veforðabóka. Stofnunin heldur úti öflugri fræðilegri umræðu m.a. með fyrirlestraröðum og útgáfu vefritsins *Milli mála – Tímarit um erlend tungumál og menningu*. Fræðimenn innan stofnunarinnar taka þátt í fjölmörgum þróunar- og rannsóknaverkefnum á fræðasviði sínu í samstarfi við íslenska og erlenda fræðimenn og háskólastofnanir.



Vigdísarstofnun – Alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar



Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Vigdís Finnbogadóttir unnu að því í mörg ár að koma á fót alþjóðlegri tungumála- og menningarmiðstöð við Háskóla Íslands. Sá draumur varð að veruleika þann 20. apríl 2017 þegar hús tungumálanna, Veröld – hús Vigdísar, var tekið í notkun og Vigdísarstofnun – Alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar tók til starfa undir merkjum UNESCO. Sebastian Drude var ráðinn framkvæmdastjóri miðstöðvarinnar samhliða

opnun hennar. Valgerður Jónasdóttir starfaði sem viðburðastjóri og Þórunn Elísabet Bogadóttir gegndi starfi kynningar- og vefritstjóra fyrstu fjóra mánuði ársins, en fór svo í barneignarleyfi. Halldóra Jóhanna Þorláksdóttir tók tímabundið við starfi kynningar- og vefritstjóra í maí 2018.

Stjórn og framkvæmdastjórn

Gerðar voru breytingar á stjórn miðstöðvarinnar árið 2018 þegar Auður Hauksdóttir óskaði eftir leyfi frá störfum stjórnarinnar á síðari hluta ársins. Ásdís Rósa Magnúsdóttir tók við formennsku í stjórninni í hennar stað og Geir Þórarinn Þórarinsson tók sæti í stjórninni. Aðrir í stjórninni eru Eiríkur Smári Sigurðarson, rannsóknastjóri við Hugvísindasvið Háskóla Íslands, Guðrún Kvaran, prófessor emerita í íslensku, Þórhallur Eypórsson, prófessor í málvísindum við námsleið í ensku og Irmgarda Kasinskaite Buddeberg fyrir hönd UNESCO.

Stjórn Alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar hittist einu sinni árið 2018. Irmgarda Kasinskaite, fulltrúi UNESCO í stjórninni, þátt í fundinum í gegnum Skype en aðrir fulltrúar hittust í Veröld – húsi Vigdísar. Stjórnin hafði ákveðið í

lok árs 2017 að skipa framkvæmdastjórn innan miðstöðvarinnar sem bæri ábyrgð á starfi miðstöðvarinnar á milli formlegra stjórnarfunda. Þetta var gert í samræmi við samning íslenskra stjórnvalda og UNESCO og starfsreglur miðstöðvarinnar. Framkvæmdastjórnina skipuðu þau Guðrún Kvaran, Auður Hauksdóttir, Ásdís Rósa Magnúsdóttir og Þórhallur Eypórsson. Frá maímánuði tók Geir Þórarinn Þórarinsson sæti í framkvæmdastjórninni í stað Auðar Hauksdóttur. Framkvæmdastjórnin hittist á fjórtán fundum árið 2018. Unnið hefur verið að því að styrkja stöðir miðstöðvarinnar og samhæfa starf hennar og SVF.

Starfsemi alþjóðlegru miðstöðvarinnar

Alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar hóf formlega starfsemi sína samhliða opnun Veraldar – húss Vigdísar þann 20. apríl 2017. Árið 2018 var því fyrsta heila árið í starfsemi miðstöðvarinnar. Ákveðið var við undirbúning starfseminnar að fyrstu árin yrðu helguð vistfræði tungumála á Vestur-Norðurlöndum, bæði rannsóknum og miðlun upplýsinga um tungumál og menningu á vestnorræna svæðinu. Starfsemi

miðstöðvarinnar var að mörgu leyti samofin starfsemi SVF, þar sem flestir viðburðir voru haldnir í sameiningu og starfsmenn SVF hafa lagt mikið af mörkum í mótun starfsemi miðstöðvarinnar.

Miðstöðin stóð fyrir málþinginu „Orðabækur: Fjölbreytni tungumála, fjölyngi og þýðingar“ í tilefni af alþjóðadegi móðurmálsins þann 21. febrúar. Þar var til umfjöllunar mikilvægi orðabóka fyrir tungumálafjölbreytni og brúarsmið á milli menningarheima. Á sama tíma tók miðstöðin formlega á móti safni orðabóka og tímarita, sem hún fékk til varðveislu frá InfoTerm.



Margir helstu sérfræðingar heims í tungumálum í útrýmingarhættu og tungumálakortagerð voru samankomnir í Veröld – húsi Vigdísar dagana 23.-25. ágúst þegar ráðstefnan FEL Conference XXII – Endangered Languages and the Land var haldin. Það var Alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar sem stóð fyrir ráðstefnunni í samvinnu við alþjóðlegu samtökin The Foundation for Endangered Languages, en aðalfundur samtakanna var haldinn samhliða ráðstefnunni. Opnunarræður ráðstefnunnar voru fluttar af Vigdísi Finnbogadóttur og Elizu Reid.

Þá tók miðstöðin þátt í skipulagning norrænu ráðstefnunnar Roots and Wings, um skapandi samstarf þvert á landamæri tungumála og menningar. Borgarbókasafnið átti frumkvæði að ráðstefnunni í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina, Norska menningarráðið, mennta- og menningarmálaráðuneytið, íslensku UNESCO nefndina og Alþjóðlega miðstöð tungumála og menningar.

Miðstöðin tók virkan þátt í Café Lingua, sem Borgarbókasafnið hefur staðið fyrir um árabil í samstarfi við ýmsa, meðal annars Mála- og menningardeild, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur,

námsleið í íslensku sem öðru máli og Íslenskuþorpið.

Tilgangurinn með Café Lingua er að skapa aðstæður fyrir tungumálanám með því að stefna saman tungumálanemum til að deila móðurmáli sínu og því tungumáli sem þeir eru að læra með öðrum.



Stiklur úr starfi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur

Fyrirlestraraðir á vor- og haustönn

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur stóð fyrir fyrirlestraröð um bókmenntir og menningu á vorönn 2018. Ellefu fræðimenn héldu fyrirlestra um fjölbreytt efni sem tengdust bókmenntum og menningu.

Fyrirlestraröðin *Óravíddir tungumálanna* hóf göngu sína á vegum stofnunarinnar haustið 2018. Þar voru tungumál heimsins skoðuð út frá fjölbreyttum sjónarhornum, svo sem bókmennta, kvikmynda, dægurmenningar, þýðinga og loftslagsumræðu.

Hægt er að finna alla fyrirlestra og fyrirlesara í lista yfir viðburði síðar í þessari skýrslu.

Á mótum danskrar og íslenskrar menningar

Námsleið í dönsku í samvinnu við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum stóð fyrir fjölda

viðburða í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands undir yfirskriftinni *Á mótum danskrar og íslenskrar menningar*. Þar var fjallað um efni sem borið hafa hátt í samskiptasögu landanna þessa öld. Auður Hauksdóttir, prófessor í dönsku og fyrrverandi forstöðumaður stofnunarinnar, hafði veg og vanda af skipulagningu viðburðaraðarinnar, sem var styrkt af Fullveldisafmælistjóði og danska menningarmálaráðuneytinu.

Evrópski tungumáladagurinn

Evrópski tungumáladagurinn, 26. september, var haldinn hátíðlegur í samstarfi við STÍL – samtök tungumálakennara á Íslandi líkt og undanfarin ár. Að þessu sinni var grunnskólabörnum úr Landakotsskóla boðið að taka þátt í tungumálaratleikjum og fengu þau kennslu í forngrísku. Vigdís Finnbogadóttir ræddi jafnframt við þau um mikilvægi tungumálanáms og rifjaði upp frasa á ýmsum tungumálum. Deginum lauk með málstofu um notkun tækni í tungumálakennslu. Kolbrún Friðriksdóttir frá íslensku- og menningardeild HÍ, Sigrún Svafa Ólafsdóttir frá Keili og Pilar Concheiro frá mála- og menningardeild HÍ miðluðu af reynslu

sinni, en þær eru allar reyndir tungumálakennarar. Dagskráin var haldin með stuðningi mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Margrét II Danadrottning heimsækir Veröld

Margrét Þórhildur Danadrottning heimsótti Veröld - hús Vigdísar þann 1. desember 2018 og tók þátt í dagskrá í tilefni af 100 ára fullveldisafmæli Íslands. Í fylgd með drottningunni voru Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Eliza Reid forsetafrú. Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, og Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, tóku á móti gestunum og gengu með þeim um hús tungumálanna. Þau skoðuðu jafnframt opunarsýningu Veraldar og Vigdísarstofu, en þar hélt Auður Hauksdóttir, prófessor í dönsku, ávarp.

Þá var hátíðardagskrá í Veröld – húsi Vigdísar sem hófst með tónlistarflutningi Háskólakórsins. Þá tók við kynning Eiríks Rögnvaldssonar og Jóhönnu Vigdísar Guðmundsdóttur á máltækniáætlun ríkisins og máltæknistofnuninni Almannaómi, og stuttar kynningar Margrétar Hallgrímsdóttur, þjóðminjavarðar á Þjóðminjasafni Íslands og Mette Skougaard,



safnstjóra á Nationalhistorisk Museum. Í kjölfar þeirra var undirritaður samstarfssamningur Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Þjóðminjasafns Íslands og Nationalhistorisk Museum.

Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, og Flemming Besenbache, framkvæmdastjóri Carlsbergfondet, tilkynntu að því loknu um veitingu nýdoktorastyrkja, sem Margrét

Þórhildur Danadrottning afhenti styrkþegum. Hátíðardagskrá lauk með því að Birna Arnbjörnsdóttir, stjórnarformaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, þakkaði gestum fyrir komuna. Kynnir viðburðarins var Ann-Sofie Nielsen Gremaud, lektor í dönsku við Háskóla Íslands.

Sýningin Sagatid-nutid

Sýningin Sagatid-nutid var opnuð af Margréti Þórhildi Danadrottningu á fullveldisdaginn 1. desember í Heimasvæði tungumála á annarri hæð í Veröld. Um er að ræða sýningu á verkum dönsku myndlistarkonunnar Karin Birgitte Lund, en hún gerði myndskreytingar í danska þýðingu á Íslendingasögunum sem komu út þar í landi árið 2014. Sýningin var haldin í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands. Teikningarnar byggja á myndskreytingum og fagurfræði víkingatímans og miðalda, og Karin sækir innblástur í norræna myndlist þess tímabils. Verkin eru meðal annars undir áhrifum af íslenskum miðaldahandritum, veggmyndum í dönskum kirkjum, höggmyndum á Gotlandi og norskum stafkirkjum. Á sýningunni voru einnig nokkrar nýjar teikningar sem

innblásnar eru af Íslendingasögunum.

Karin Birgitte Lund fæddist árið 1946 í Kaupmannahöfn og stundaði nám við Konunglegu dönsku listaakademíuna 1967–1973. Hún hefur hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir list sína. Meðal verka hennar eru hönnun og myndskreytingar nýrra danskra peningaseðla.

Nýr vefur

Ný vefsíða stofnunarinnar var tekin í notkun í desember 2018, en hún var unnin í samstarfi við fyrirtækið Hype. Vefurinn skiptist í þrjá aðgreinda hluta sem tileinkaðir eru Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum málum (vigdis.hi.is), Veröld – húsi Vigdísar (vigdis.hi.is/verold) og Alþjóðlegri miðstöð tungumála og menningar (vigdis.hi.is/vimiuc). Vefsíðan, sem er á íslensku og ensku, er stílhrein og upplýsingar um starfsemi og viðburði beggja stofnana eru settar fram á aðgengilegan hátt.

Háskóli unga fólksins

Veröld iðaði af lífi í byrjun júní þegar nemendur úr Háskóla



unga fólksins settust þar á skólabeck. Boðið var upp á námskeið í dönsku, frönsku, ítölsku, forngrísku, latínu, rússnesku, spænsku, þýsku, kínverskum og japönskum fræðum og Mið-Austurlandafræðum. Við útskrift tæplega 400 barna úr Háskóla unga fólksins sungu frönskunemendur undir stjórn Ástu Ingibjartsdóttur, aðjunktis í frönsku, og Eyjólfur Már Sigurðsson, stjórnandi Tungumálamiðstöðvar HÍ, sá um undirleik.

Styrktarsjóður í nafni Stephans G. Stephanssonar

Komið hefur verið á fót styrktarsjóði við Háskóla Íslands í nafni Stephans G. Stephanssonar. Markmiðið með sjóðnum er að stuðla að rannsóknasamstarfi fræðimanna á Íslandi og í Vesturheimi á sviði innflytjendabókmennta. Vonir standa til að hægt verði að koma á fót kennslu- og rannsóknarstöðu við stofnunina í minningu íslenskra skálda í Vesturheimi.

Ásamt konu sinni, Adriönu, hefur Stephan Vilberg Bendiktson, búsettur í Mexíkó, lagt til stofnfé sjóðsins í minningu afa síns, Stephans G. Stephanssonar. Þá hafa hjónin Heather Alda og William Ireland frá Bresku Kólumbíu í Kanada og hjónin Moorea og Glen Grey frá Alberta í Kanada lagt fé í sjóðinn.

Priseal IV

Sérfræðingar í ritun fræðilegra greina á ensku komu saman á alþjóðlegu ráðstefnunni Preiseal IV, sem var haldin í Veröld – húsi Vigdísar dagana 14.-16. september. Þar voru niðurstöður rannsókna kynntar, farið var yfir sviðið vítt og breytt og fjallað

um áskoranir sem fylgja fræðilegri útgáfu á öðru máli en móðurmálinu.

Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum við Háskóla Íslands og forstöðumaður SVF, Hafdís Ingvarsdóttir prófessor emeritus við HÍ og Jóna Guðrún Guðmundsdóttir, doktorsnemi í enskum málvísindum við Háskóla Íslands höfðu veg og vanda af skipulagningu ráðstefnunnar. Sally Burgess, lektor við University of La Laguna, og Margaret Cargill, dósent við University of Adelaide, komu að undirbúningi ráðstefnunnar fyrir hönd Preiseal-samtakanna.

Lykilræðumenn á ráðstefnunni voru þær Karen Englander frá York University í Toronto, Anna Kristina Hultgren frá Open University í Manchester og Hafdís Ingvarsdóttir frá Háskóla Íslands.



Early Language Learning: Multiple Perspectives

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Menntavísindasvið Háskóla Íslands stóðu fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um fjölyngi og tungumálanám og kennslu ungra barna dagana 13.-15. júní í Veröld – húsi Vigdísar. Yfirskrift ráðstefnunnar var Early Language Learning: Multiple Perspectives.

Á annað hundrað þátttakendur víðsvegar að úr heiminum kynntu sér það sem efst er á baugi í kennslu og rannsóknum á sviði fjölmenningar og tungumálanámi barna. Eliza Reid, forsetafrú Íslands, flutti ávarp við setningu ráðstefnunnar og í kjölfarið voru flutt yfir hundrað erindi um fjölbreytt efni í

þrjátíu málstofum auk þess sem veggspjöld voru til sýnis og þau kynnt gestum í hádegishléi.

Samstarfsnet og þróunarverkefni

Stjórn og starfsmenn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur ákváðu á sínum tíma að vistfræði tungumála og tungumálatengsl á Vestur-Norðurlöndunum, þ.e. á Grænlandi, Íslandi og í Færeyjum og Noregi, yrðu í brennidepli fyrstu árin í starfi Alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar.

Tvö rannsóknarnet fjölþjóðlegra teyma fræðimanna sem tengjast þessari áherslu eru nú starfrækt innan vébanda stofnunarinnar. Auður Hauksdóttir er í forystu fyrir samstarfsnetinu Sprog- og kulturkontakt i Vestnorden, þar sem sjónum er beint að tengslum tungumála og menningar í Færeyjum, Grænlandi, Íslandi og á vesturströnd Noregs. Aðrir í netinu eru Katti Frederiksen, forstöðumaður skrifstofu Oqaasileriffik – Málráðs Grænlands og Karen Langgård og Per Langgård, starfandi sérfræðingar þar. Frá Noregi taka þátt þau Brit Mæhlum, prófessor við NTNU í Þrándheimi, Gunnstein Akselberg, prófessor við Háskólann í Bergen og Elizabeth

Lanza, prófessor við Háskólann í Osló. Þátttakendur frá Danmörku eru Nina Møller Andersen og Karoline Kühl, lektorar við Kaupmannahafnarháskóla og Peter Juel Henrichsen, fv. dósent við Verslunarháskólann í Kaupmannahöfn, nú sérfræðingur hjá Dönsku málnefndinni. Frá Færeyjum eru Zakaris Svabo Hansen og Bergur D. Hansen, lektorar við Fróðskaparsetur Færeyja, og Malan Marnersdóttir, prófessor við sama skóla, og frá Svíþjóð Ulla Börestam, prófessor við Uppsalaháskóla. Frá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur eru þátttakendur í netinu þau Birna Arnbjörnsdóttir prófessor, Birna Bjarnadóttir, Gísli Magnússon dósent, Guðrún Kvaran prófessor emerita, Kristján Árnason prófessor emeritus, Pernille Folkmann lektor, Þórhallur Eyþórsson prófessor og Þórhildur Oddsdóttir aðjúnt.

Samstarfsnetið stóð fyrir tveggja daga vinnufundi í Veröld dagana 2. og 3. mars, þar sem fjallað var um rannsóknaverkefni þátttakenda. Auk þess voru gerðar áætlanir um framtíðarverkefni, m.a. miðlun rannsókna.



Birna Arnbjörnsdóttir er í forsvari fyrir Sprogbarometer, þar sem staða ensku, dönsku og íslensku er skoðuð í Færeyjum, á Grænlandi og Íslandi. Þá leiðir Þórhildur Oddsdóttir rannsókn á margbreytileika tungumála og menningar í námsgögnum í tungumálakennslu á Norðurlöndum, sem fulltrúar fjögurra háskóla á Norðurlöndunum koma að.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur leiðir vinnu við gerð íslensk-franskrar veforðabókar, LEXIU, í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Erlendir samstarfsaðilr eru deild norrænna mála við Sorbonne-háskóla í Frakklandi og

Gautaborgarháskóli í Svíþjóð. Verkefnið hófst árið 2015 og er vonast til þess að orðabókin verði tilbúin í lok árs 2019.

Verkefnisstjóri og ritstjóri franska hlutans er Rósa Elín Davíðsdóttir en Þórdís Úlfarsdóttir og Halldóra Jónsdóttir ritstýra íslenska hlutanum.

Icelandic Online er samstarfsverkefni Hugvísindasviðs Háskóla Íslands, Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Um er að ræða sjö vefnámskeið í íslensku sem öðru máli sem tekin voru til notkunar á tímabilinu 2004-2013.

Námskeiðin eru ætluð til sjálfsnáms og öllum opin án endurgjalds. Nú hafa um 200.000 manns víðs vegar um heim skráð sig í námskeiðin og þar af eru nú um 70.000 virkir notendur. Árið 2018 unnu Sigurður Birkir Sigurðsson, Úlfur Alexander Einarsson, Nu Phan Quynh og Huy Van Nguyen, tölvunarfræðinemar í Háskóla Íslands, að forritun og tæknivinnu við nýja vefinn undir stjórn Patrick Thomas máltölvunarfræðings sem hefur verið verkefnisstjórninni til ráðgjafar allt frá því að fyrsta Icelandic Online námskeiðið var unnið. Halldóra Þorlákssdóttir starfaði sem ritstjóri og við

yfirfærslu og aðlögun námskeiðanna að nýja vefumhverfinu en þau hafa verið löguð að öllum tegundum snjalltækja, spjaldtölva og farsíma. Í maí 2018 lauk endurforritun en þá höfðu alls fimm námskeið verið endurforrituð.

Útgáfa fræðirita

Milli mála – Tímarit um erlend tungumál og menningu

Tíunda útgáfa af *Milli mála – Tímarit um erlend tungumál og menningu* kom út á árinu. Þetta var í fjórða skipti sem tímaritið kom út í opnum aðgangi á <http://millimala.hi.is>.

Ritstjórar voru þær Ásdís Rósa Magnúsdóttir, prófessor í frönskum fræðum, og Rebekka Þráinsdóttir, aðjunkt í rússnesku.

Í þessu hefti eru birtar ritrýndar fræðigreinar á íslensku og frönsku, á sviði erlendra tungumála, bókmennta, þýðinga og málvísinda. Einnig eru þar birtar bókmenntaþýðingar og umfjöllun á þýðingu úr íslensku á rússnesku.

Hafið starfar í þögn minni: Þýðingar á ljóðum eftir Pablo Neruda

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur gaf út bókina *Hafið starfar í þögn minni: Þýðingar á ljóðum eftir Pablo Neruda*. Ritstjóri

bókarinnar er Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku við Háskóla Íslands. Í bókinni er að finna, í tvímála útgáfu, heildarsafn þýðinga af spænsku á íslensku á ljóðum eftir síleska ljóðskáldið Pablo Neruda, sem hlaut Nóbelsverðlaun í bókmenntum árið 1971.

Í ljóðasafninu birtast þýðingar á 40 ljóðum og ljóðabálkum eftir Neruda, sem átján þýðendur hafa snúið á íslensku. Þetta er í fyrsta sinn sem ljóðin koma út í heildstæðu ljóðasafni og er markmiðið að gera þau aðgengileg öllum þeim fjölmörgu sem áhuga hafa á ljóðlist, ljóðagerð Neruda, íslenskum þýðingum á verkum hans og ekki hvað síst þýðinga- og fagurfræði. Ekki er um frumþýðingar að ræða, heldur endurútgáfu ljóðapýðinga sem margar hverjar birtust fyrir margt löngu og ekki eru aðgengilegar almenningi. Með hverju ljóði kemur fram hvar og hvenær þau komu út, bæði á frummálinu og í þýðingu.

Í bókinni er inngangur um ævi og störf Neruda sem Hólmfríður Garðarsdóttir ritar og þýðingu á grein eftir Edwin Williamson, prófessor við Exeter College í Oxford, um ljóðagerð Neruda.

Sprog åbner verdener – Ord tilegnet Vigdís Finnbogadóttir

Bókin *Tungumál ljúka upp heimum – Orð handa Vigdísar* var gefin út í danskri þýðingu undir heitinu *Sprog åbner verdener – Ord tilegnet Vigdís Finnbogadóttir*. Bókin hefur að geyma hugleiðingar 27 íslenskra rithöfunda um tungumál. Textarnir eru ólíkir að gerð og lengd en fjalla um erlendar tungur og tungumálakunnáttu frá ýmsum sjónarhornum. Bókin var fyrst gefin út árið 2010 á áttatíu ára afmæli Vigdísar Finnbogadóttur og þegar 30 ár voru liðin frá sögufrægu forsetakjöri hennar. Með þessu vildu rithöfundar heiðra Vigdís á merkum tímamótum og leggja sitt af mörkum svo að draumur hennar um Alþjóðlega tungumálamiðstöð gæti ræst. Bókin var endurútgefin á frummálinu í tilefni af opnun Vigdísarstofnunar og vígslu Veraldar 20. apríl 2017.

Language Development across the Life Span – The Impact of English on Education and Work in Iceland

Bókin *Language Development across the Life Span* byggir á sjö ára rannsókn íslenskra fræðimanna á áhrifum ensku sem alþjóðlegs tungumáls hér á landi. Í bókinni komast höfundar m.a. að þeirri niðurstöðu að enska sé mikið notuð í íslensku málumhverfi, sérstaklega í háskólastarfi og í atvinnulífinu. Þá er það ályktun höfunda að opinber menntastefna hér á landi hafi ekki haldið í við þá þróun sem orðið hefur á málumhverfi almennings, m.a. með mikilli notkun ensku í daglegu máli. Rannsóknirnar sem fjallað er um í bókinni hafa bæði hagnýta og fræðilega skírskotun fyrir alla sem hafa áhuga á áhrifum ensku sem alþjóðlegs tungumáls. Höfundar greina eru Birna Arnbjörnsdóttir, Hafdís Ingvarsdóttir, Ásrún Jóhannsdóttir, Guðmundur Edgarsson og Anna Jeeves en þær Birna og Hafdís ritstýrðu verkinu. Það er hið virta forlag Springer sem gefur bókina út.

Viðburðir á vegum SVF og Alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar

Janúar



- *Staða ensku á Íslandi í breyttu málumhverfi.* Kynning á bókinni *Language Development across the Life Span*, sem Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir ritstýrðu.
- Hin árlega Japanshátíð var haldin í Veröld í fyrsta sinn. Hátíðin er haldin í samvinnu Sendiráðs Japans og nemenda og kennara í japönsku við Háskóla Íslands.
- Stefnumót tungumála Café Lingua haldið í Veröld – húsi Vigdísar.

Febrúar

- Safnanótt í Veröld – húsi Vigdísar. Ýmsir viðburðir fyrir gesti og gangandi.
- Háskólahermir. Tekið á móti fjölda framhaldsskólanema í Veröld.
- Kínversk nýárshátíð Konfúsíusarstofnunar, haldið upp á ár hanans með fjölbreyttri dagskrá á Háskólatorgi.
- Stefnumót tungumála Café.
- „Orðabækur: Fjölbreytni tungumála, fjölyngi og þýðingar“. Málþing í tilefni af alþjóðadegi móðurmálsins.
- Fundur vegna LEXÍU – íslensk-franskrar veforðabókar haldinn í Reykjavík. Ritstjórnarteymi franska hluta orðabókarinnar ásamt ritstjóra íslenska orðabókagrunnsins.

Mars

- Háskóladagurinn. Kynning á öllu námi Hugvísindasviðs í Veröld, með fjölbreyttri dagskrá og örnámskeiðum í tungumálum.
- *Endurreisnin í Harlem og ákúran í rödd Zöru Neale Hurston.* Fyrirlestur Hólmfríðar Garðarsdóttur, prófessors í spænsku. Hádegisfyrirlestraröð SVF um bókmenntir og menningu.

- *From Iconic Ingstad to a Motherless Child: Norwegian Immigrant Narratives from Canada.* Fyrirlestur Ingridar Urberg, dósentis við háskólann í Alberta í Kanada. Hádegisfyrirlestraröð SVF um bókmenntir og menningu.
 - Vinnustofa um kastanjettur og tengslin við spænska tónlist og menningu. David Pérez Rodríguez, prófessor við Valladolid háskólann á Spáni.
 - *Glæpatúlkun í skáldverkum Graham Greene.* Fyrirlestur Gregory Alan Phipps, lektors í ensku við Háskóla Íslands. Hádegisfyrirlestraröð SVF um bókmenntir og menningu.
 - *Of Literature and Landslides: Making Sense of Catastrophes in Contemporary Andean Writing?* Fyrirlestur Rebeccu Jarman, lektors við háskólann í Leeds. Hádegisfyrirlestraröð SVF um bókmenntir og menningu.
 - *Írska morðkvendið hennar Margaret Atwood í Alias Grace.* Fyrirlestur Guðrúnar Bjarkar Guðsteinsdóttur, prófessors í enskum bókmenntum við Háskóla Íslands. Hádegisfyrirlestraröð SVF um bókmenntir og menningu.
- Apríl**
- *Rússneska þjóðskáldið Alexander Púshkín og fjölskyldusetur hans.* Erindi og vinnustofa sérfræðinga frá Púshkínsafninu „Míkhajlovskoje“ í Rússlandi.
 - Fyrirlestrar Emmu Martinell við Barcelonaháskóla og Ignacios Vázquez, Beira Interio-háskóla í Portúgal, um mál og menningu á Spáni.
 - *Hér eru Indíánar grafnir – frumbyggjar í textum Ole E. Rölvaag.* Fyrirlestur Gro-Tove Sandmark, doktorsnema við háskólann í Stafangri. Hádegisfyrirlestraröð SVF um bókmenntir og menningu.
 - *Danskar og íslenskar bókmenntir. Gagnvegir í eina öld.* Málþing í tilefni af 100 ára fullveldi Íslands. Erik Skyum-Nielsen, lektor í dönskum bókmenntum við Kaupmannahafnarháskóla, Sveinn Einarsson, fyrrverandi þjóðleikhússtjóri, Una Margrét Jónsdóttir, fræðimaður og dagskrárgerðarmaður hjá Ríkisútvarpinu og Ragnheiður Steindórsdóttir leikkona og Helga Bryndís Magnúsdóttir píanóleikari tóku þátt. Námsleið í dönsku og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum stóðu fyrir viðburðum í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands, en styrkur fékkst úr fullveldisafmælistjóði og frá danska menningarmálaráðuneytinu. Auður Hauksdóttir, prófessor í dönsku, hafði veg og vanda af viðburðaröðinni.
 - *Fríða og Dýrið og önnur ævintýri kvenna í frönskum bókmenntum fyrri alda.* Fyrirlestur Ásdísar R. Magnúsdóttur, prófessors í frönskum fræðum við Háskóla Íslands. Hádegisfyrirlestraröð SVF um bókmenntir og menningu.



(Drama)drottningar og dægurmenning: Um merkar breskar drottningar í sjónvarpi og kvikmyndum á 21. öldinni. Fyrirlestur Ingibjargar Ágústsdóttur, dósentis í ensku við Háskóla Íslands. Hádegisfyrirlestraröð SVF um bókmenntir og menningu.

Maí

- *Lærðu að teikna Andrés önd og félagi.* Teiknimyndaverkstæði fyrir börn og ungmenni. Flemming Andersen sá um verkstæðið. Hluti af viðburðaröð í tilefni 100 ára fullveldisafmælis Íslands.
- *Andrés Önd á Íslandi – Danmörk sem gluggi Íslands að umheiminum.* Davíð Þór Jónsson guðfræðingur og prestur, Søren Vinterberg menningarblaðamaður á

Politiken og Auður Jónsdóttir rithöfundur fluttu fyrirlestra. Málþinginu stjórnaði Auður Hauksdóttir. Hluti af viðburðaröð í tilefni 100 ára fullveldisafmælis Íslands.

- Nýr ISO-staðlaður túlkabúnaður tekinn til notkunar í Veröld. Því er hægt að bjóða upp á ráðstefnutúlkun á sex tungumálum samtímis, en þrjár rúmgóðir túlkaklefar eru í fyrirlestrasalnum í húsinu.
- *Shaming Women's Laughter.* Fyrirlestur Diönnu Niebylski, prófessors í bókmenntum og menningu Rómönsku Ameríku við Háskólann í Illinois í Chicaco. Hádegisfyrirlestraröð SVF um bókmenntir og menningu.
- Roots and Wings – rætur og vængir. Norræn ráðstefna um skapandi samstarf þvert á landamæri tungumála og menningar haldin í Veröld. Samstarf Borgarbókasafnsins við Norrænu ráðherranefndina, Norska menningarráðið, mennta- og menningarmálaráðuneytið, íslensku UNESCO nefndina og Alþjóðlega miðstöð tungumála og menningar.
- Endurforritun á Icelandic Online lauk, og hafa þá fimm vefnámskeið í íslensku sem öðru máli verið endurforrituð.

Júní

- *Sponde, confini, trincee: L'Italia nell'Europa post 1918.* Alþjóðleg ráðstefna ítölskudeildar Háskóla Íslands og ítölskudeildar Háskólans í Varsjá, með stuðningi

Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og sendiráðs Ítalíu í Osló.

- Háskóli unga fólksins í Veröld.
- *Samræða um rapp og hipp hopp*. Harpa Rut Hilmaradóttir, verkefnastjóri hjá Reykjavíkurborg, Peter Trier Aagaard, rappari og menningarmiðlari og Kristinn Óli Haraldsson rappari tóku þátt. Hluti af viðburðaröð í tilefni 100 ára fullveldisafmælis Íslands.
- Rapp- og (h)ljóðlistarhátíð á Vigdísartorgi. Fjöldi tónlistarmanna kom fram. Hluti af viðburðaröð í tilefni 100 ára fullveldisafmælis Íslands.

Ágúst

- *Magnað manga*. Ráðstefna um japanska myndasagnahefð. Fjórir fyrirlesarar frá Japan auk Gunnellu Þorgeirsdóttur, lektors í japönsku við Háskóla Íslands.
- FEL ráðstefnan um tungumál í útrýmingarhættu haldin í Veröld. Alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar stóð fyrir ráðstefnunni í samvinnu við alþjóðlegu samtökin The Foundation for Endangered Languages. Claire Bower frá Yale háskóla, Jost Gippert frá Goethe háskólanum í Frankfurt, Jeff Good frá Buffalo háskóla og Kristine A. Hildebrandt frá Southern Illinois háskólanum í Edwardsville voru lykilaræðumenn.
- „*Að þýða menningu*“. Fyrirlestur kínversk-breska listamannsins, rithöfundarins og



kvikmyndagerðarkonunnar Xiaolu Guo. Fyrirlesturinn var fyrsti viðburðurinn í fyrirlestraröðinni *Óravíddir tungumálanna* og var haldinn í samstarfi við bókaútgáfuna Angustúra.

- *Breton: a Celtic Language on the Continent*. Fyrirlestur Malo Adeux, doktorsnema við Université de Bretagne Occidentale.

September

- *Design Patterns for Teachers – sharing knowledge is good*. Fyrirlestur Ola Knutsson, dósents við Stokkhólmsháskóla.

- *Stafræn tungumálaverkefni – kynjamunur?* Fyrirlestur Þórhildar Oddsdóttur, aðjunkt í dönsku við Háskóla Íslands. Fyrirlestrarröðin „Óravíddir tungumálanna“.
- *La traducción de textos sobre culturas desconocidas.* Fyrirlestur Mirosław Trybisz, aðjunkt í háskólanum í Gdansk.
- Fyrirlestur norska bókmenntafræðingsins Odd Gaare um bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs, sögu þeirra og þær hugmyndir um einingu Norðurlandanna sem liggja þeim til grundvallar.
- *La tertulia política: Un discurso mediático-ideológico.* Fyrirlestur Marinu González Sanz, lektors við Sevilla-háskóla.
- Priseal IV ráðstefnan haldin í Veröld. Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum við Háskóla Íslands, Hafdís Ingvarsdóttir, prófessor emeritus við Háskóla Íslands og Jóna Guðrún Guðmundsdóttir doktorsnemi í enskum málvísindum við Háskóla Íslands, skipulögðu ráðstefnuna ásamt fulltrúum frá Priseal samtökunum.
- Rússneskt kvikmyndakvöld í samvinnu við Rússneska kvikmyndadaga í Bíó Paradís og Sendiráð Rússlands.
- *Sköpunargleði í nýjum búningi.* Fyrirlestur Gunnellu Þorgeirsdóttur, aðjunkt í japönsku við Háskóla Íslands, um sköpunargleðina í afþreyingarmenningu tungumálanna“. Fyrirlestrarröðin „Óravíddir tungumálanna“.



- *New Trends in Italian Cultural Tourism.* Fyrirlestur Luca Zarrilli, dósents frá “G. D’Annunzio” of Chieti-Pescara háskóla á Ítalíu.
- *Um hliðartexta í þýðingum. Piltur og stúlka á þýsku.* Fyrirlestur Marion Lerner, dósents við Háskóla Íslands. Fyrirlestrarröðin „Óravíddir tungumálanna“.
- Evrópski tungumáladagurinn haldinn hátíðlegur í Veröld. Málstofa um notkun tækni í tungumálakennslu undir yfirskriftinni Tungumál og tækni.
- *Synergies between Music and Language Education.* Jörg-U. Keßler og Robert Lang, prófessorar við Ludwigsburg University of Education.
- Stefnuþót tungumála Café Lingua.
- *Gagnagrunnar og vélrænar þýðingar.* Málstofa haldin í Veröld á vegum ELRC, evrópsks samstarfs um málföng.

- Kvikmyndakvöld í samstarfi við RIFF kvikmyndahátíðina. Sýnd var heimildarmyndin *Dreaming Murakami*.



Október

- *Hugmyndir vesturfaranna um varðveislu íslensku í Vesturheimi*. Fyrirlestur Úlfars Bragasonar, rannsóknarprófessors við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Fyrirlestrarröðin „Óravíddir tungumálanna“.
- Stefnumót tungumála Café Lingua.
- *Óbyggðirnar kalla. Loftslagsorðræða í ríki Pútíns*. Fyrirlestur Jóns Ólafssonar, prófessors við Háskóla Íslands. Fyrirlestrarröðin „Óravíddir tungumálanna“.
- *Bear Tales: Ways of Seeing Polar Bears in Traditional Folktales and Modern Day Children’s Literature*. Fyrirlestur Lizanne Henderson, dósentis við háskólann í Glasgow.
- *Gene Therapy, Invisible Cars, and Frost: James Bond’s Icelandic Mission in Die Another Day*. Fyrirlestur Monicu Germanà, dósentis við háskólann í Westminster.
- *Mesópótamía: Frá korni til kveðskapar*. Fyrirlestur Kolbrúnar Lilju Kolbeinsdóttur, stundakennara og MA í almenntri bókmenntafræði. Fyrirlestrarröðin „Óravíddir tungumálanna“.
- *Ljóðlistin er lífsnauðsyn*. Málþing um Sigurð Pálsson skáld í samvinnu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og Forlagsins. Átta samferðamenn Sigurðar fjölluðu um skáldið.
- *Danska nýbylgjan*. Málþing og kvikmyndasýningar. Hluti af viðburðaröð í tilefni 100 ára fullveldisafmælis Íslands.
- Ítölsk kvikmyndakvöld voru haldin fimm kvöld í október og nóvember þar sem sýndar voru ítalskar kvikmyndir í samstarfi við ítölskudeild Háskóla Íslands.

Nóvember

- *Jákvæð viðhorf íslenskra stúdenta til tungumálanáms.* Fyrirlestur um könnun, Birna Arnbjörnsdóttir og Oddný G. Sverrisdóttir, prófessorar við Háskóla Íslands. Fyrirlestrarröðin „Óravíddir tungumálanna“.
- Veröld – hús Vigdísar tilnefnd til Evrópsku byggingarlistaverðlaunanna 2019.
- Stefnumót tungumála Café Lingua.
- Veraldarvinir. Upplestur tungumálanema á því máli sem þeir leggja stund á.
- Vinnustofa kennara: Teaching writing in secondary school. Patricia Prinz. Vinnustofur kennara eru samstarfsverkefni Stofnunar VF og Samtaka tungumálakennara á Íslandi. – STÍL.
- *Blóðrauð sól: Loftslagsvandi Kína.* Hafliði Sævarsson fjallar um loftslagssumræðu í Kína. Fyrirlestrarröðin „Óravíddir tungumálanna“.
- *The meaning of privileged moments in Knausgard's My Struggle.* Fyrirlestur Gísla Magnússonar, dósents í dönsku við Háskóla Íslands. Fyrirlestrarröðin „Óravíddir tungumálanna“.
- *Syndin í tíma og ótíma.* Tveggja daga málþing haldið í Auðunarstofu á Hólum í Hjaltadal.
- *Þýðingar frá framandi löndum.* Fyrirlestur Rúnars Helga Vignissonar, dósents í ritlist við Háskóla Íslands. Fyrirlestrarröðin „Óravíddir tungumálanna“.

- Dönsk-íslensk hönnun. Málþing og sýning í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands. Eva Egesborg Hansen, sendiherra Danmerkur á Íslandi, Kristján Garðarsson arkitekt Veraldar, Hans Henrik Sørensen, stjórnarformaður Onecollection, Æsa Sigurjónsdóttir, dósent í listfræði, Arndís Árnadóttir hönnunarsagnfræðingur, Hee Welling og Guðmundur Lúðvík Grétarsson arkitektar og Sigurður Einarsson arkitekt tóku þátt í málþinginu. Í samvinnu við Epal og sendiráð Dana á Íslandi. Hluti af viðburðaröð í tilefni 100 ára fullveldisafmælis Íslands.



Desember



- Margrét Þórhildur Danadrottning heimsótti Háskóla Íslands, og Veröld – hús Vigdísar, ásamt forsetahjónunum Guðna Th. Jóhannessyni og Elizu Reid.
- Sýningin Sagatíð – Nutíð opnuð á fullveldisdaginn af Margréti Þórhildi Danadrottningu.
- *Að nota evrópska tungumálarammann í kennslu.* Fyrirlestur Gísla Hvanndal, verkefnisstjóra í íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands. Fyrirlestrarröðin „Óráviddir tungumálanna“.
- *Samband Íslands og Kanada í sögu og samtíð.* Málþing Háskóla Íslands í samstarfi við kanadíska sendiráðið á Íslandi.
- Café Lingua. Heimsins jóla hátíðarviðburður.

- Útgáfuhóf fyrir bókina *Sigurtunga – Vesturíslenskt mál og menning* í ritstjórn Birnu Arnbjörnsdóttur, Höskuldar Þráinssonar og Úlfars Bragasonar.

Styrkir og gjafir

Ríkisstjórn Íslands ákvað um áramótin 2016/2017 að styrkja Alþjóðlega miðstöð tungumála og menningar um tuttugu milljónir króna á ári í þrjú ár.

Þegar Vigdísartorg við Veröld – hús Vigdísar var vígt á Menningarnótt 2017 var undirritaður samstarfssamningur Reykjavíkurborgar og Alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar. Samningurinn felur í sér þriggja milljóna króna árlegan styrk til miðstöðvarinnar til þriggja ára.

Árið 2016 undirrituðu 11 stór fyrirtæki samninga um veglega styrki til Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur sem eru allir, að einum frátöldum, til þriggja ára. Fyrirtækin sem standa að samningunum eru Landsbankinn, Icelandair Group, Radisson Blu Hótel Saga, Arion banki, Alvogen, Bláa Lónið, Kvika, Reginn, Íslandsbanki, Íslandshótel og N1. Alls nema styrkirnir því 33,5 milljónum króna á samningstímanum. Allir þessir styrkir, sem og aðrir styrkir sem fengist hafa til starfseminnar, skipta stofnunina og miðstöðina gríðarlega miklu máli.

Þakkir

Stjórn og starfsfólk Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur kann Vigdísi Finnbogadóttur nú sem fyrr sínar bestu þakkir fyrir dýrmætan stuðning, samstarf og framlag til stofnunarinnar.

Fyrirverandi forstöðumanni og stjórnarformanni stofnunarinnar, Auði Hauksdóttur, er sömuleiðis þakkað fyrir hennar fórnfúsa og mikilsverða framlag til stofnunarinnar allt frá upphafi.

Dóra Ingvadóttir hefur um árabíl veitt stofnuninni mikla og góða aðstoð og eru henni færðar innilegar þakkir fyrir það.

Þá þakkir stjórn og starfsfólk rektor Háskóla Íslands, Jóni Atla Benediktssyni, fyrir ánægjulegt samstarf. Það sama gildir um forseta Hugvísindasviðs, Guðmund Hálfðanarson, starfsfólk á skrifstofu Hugvísindasviðs og rektors og Oddnýju G. Sverrisdóttur, forseta Mála- og menningardeildar.

Sömuleiðis vill stjórn og starfsfólk SVF koma á framfæri þökkum til allra samstarfsmanna og velunnara fyrir stuðning við starfsemi stofnunarinnar.

